Hamhleypan frá Hollandi

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

MÁLVERK OG SKÚLPTÚR

KAREL APPEL


Opið alla daga frá 11–18. Aðgangur 300 kr. Til 29. ágúst.

INN á Kjarvalsstaði hefur sprangað eldfjörugur öldungur, með þróttmikil málverk og gríðarmikla skúlptúra. Hollenski myndlistarmaðurinn Karel Appel er 78 ára, hefur stundað myndlist sína í meira en fimmtíu ár og sýnir engin ellimerki í listsköpun sinni.

Sýningin á verkum hans kemur frá Listasafninu í Björgvin í Noregi, þar sem fyrrverandi forstöðumaður Kjarvalsstaða, Gunnar Kvaran, ræður húsum. Héðan verður hún send til Færeyja. Á sýningunni gefur að líta nýleg verk eftir Appel, öll unnin á þessum áratug, fjórtán málverk og fimm skúlptúra. Þetta virðist ekki mikill fjöldi, en nægir til að fylla vestursalinn og ganga. Verk Appels eru stór og krefjandi, sérstaklega skúlptúrarnir, og þurfa mikið pláss.

Appel er sérlega áhugaverður fyrir okkur Íslendinga, því hann átti hlutdeild í Cobra-hópnum margfræga, á árunum eftir lok seinni heimsstyrjaldar, ásamt Svavari okkar Guðnasyni. Mikið hefur verið látið með þátttöku Svavars í Cobra og látið að því liggja, að ef Svavar hefði fylgt eftir þeirri athygli sem hópurinn naut, þá hefði hann eflaust orðið heimsfrægur, eins og t.d. Appel.

Cobra hefur kannski stækkað í minningunni og sögubókunum með tímanum, og meira verið gert úr hugmyndafræði hópsins en efni standa til. Eins og kemur fram í sýningarskrá, þá segir Appel sjálfur að þeir hafi varla hist nema á samsýningum og tungumálaerfiðleikar komu í veg fyrir eðlileg samskipti. Þetta var líka skammlífur félagsskapur, því samvinnan stóð bara í fjögur ár, þangað til hann var leystur upp 1951. En Cobra gerði sitt gagn fyrir listamennina, því umtalið í kringum sýningar þeirra stuðlaði að því að koma þeim á kortið, þótt velgengnin hafi ekki komið fyrr en nokkrum árum seinna. Fræg sýning Cobra-hópsins í Stedeljiksafninu í Amsterdam 1949 var einróma fordæmd. Um svipað leyti málaði Appel veggmynd á kaffistofu ráðhúss Amsterdamborgar, sem vakti svo mikla andstyggð almennings að málverkið var hulið veggfóðri í tíu ár. En gæfa Appels snerist brátt og um miðjan sjötta áratuginn var hann farinn að njóta alþjóðlegrar velgengni.



UM málverk sitt, „Persóna og pláneta", frá 1997, skrifar Appel í dagbók: „Ég er jörðin, mér líður eins og jörðinni, sem vex og blómstrar, án nokkurrar ástæðu, eins og óhlutbundið efni, án skilyrða, full af orku og lífskrafti."

Það sem helst sameinaði Cobra-félagana var það sem þeir gátu verið sammála um að vera á móti, sem var gjörvöll myndlistarhefð Vesturlanda og Andre Breton. Þótt þeir væru í orði kveðnu á móti súrrealismanum, þá hafði hann mikil áhrif á þá, t.d. hugmyndir um áhrif undirmeðvitundarinnar og sjálfsprottna tjáningu. Í því sambandi vildu sumir, þar á meðal Appel, leita fyrirmynda í list barna og geðsjúkra. Svavar tók öllum þessum hugmyndum með jafnaðargeði, vildi sjálfur ekki gera mikið úr hugmyndafræði Cobra-hópsins og skrifaði á einum stað: „Sannast sagna var þarna á ferðinni listastefna, sem ekki hafði neina fasta stefnu, samtök um að vera ekki nein samtök." Samt sem áður verður að leita allt aftur til

Með einu handtaki býrðu til borð í miðaftursætinu. Einnig fáanlegt með kæliboxi.



„Flugsætisborð" fyrir yngri farþega í aftursæti.




Mikið farangursrými sem hægt er að stækka enn meira.

4 loftpúðar: bílstjóri, farþegi í framsæti og hliðarpúðar.



Auðvelt er að taka aftursætin úr, eitt, tvö eða öll þrjú. Þau eru ótrúlega létt.

Fjarstýrð hljómtæki með geislaspilara, stjórnað úr stýri.



Tvö hólf í gólfi fyrir framan aftursæti.





Renault Mégane var valinn **öruggasti bíll ársins** í sínum flokki í Evrópu 1998.

Allt petta rúmast í Mégane Scénic

B&L

Grjóthála 1
Sími 575 1200
Söludeild 575 1220

Aukabúnaður á mynd: Álfelgur